

**Barna- og fjölskyldustofa**  
**02 740**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Starfsþáttayfirlit .....	<b>7</b>
Skýringar .....	<b>8</b>

**Barna- og fjölskyldustofa**  
**kt. 700595-2699**  
**Borgartúni 21, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Barna- og fjölskyldustofa er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Barna- og fjölskyldustofa annast stjórnslu á því sviði sem barnaverndarlög ná til. Ráðherra ákveður aðsetur Barna- og fjölskyldustofu og skipar forstjóra hennar. Barna- og fjölskyldustofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar. Barna- og fjölskyldustofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu.

Starfsemin fellur undir málefnavið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 2.358,2 milljónir og afkoma kr. -108,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 60,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.651,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Barna- og fjölskyldustofu fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Ólöf Ásta Farestveit,  
forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.250.758.000	1.934.700.000
Seld þjónusta .....	3	51.083.839	64.984.992
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	39.784.469	40.891.793
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	16.594.484	13.708.929
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.358.220.792</b>	<b>2.054.285.714</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....		0	2.000.000
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.901.981.079	1.538.165.378
Annar rekstrarkostnaður .....	6	547.989.577	455.745.612
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		41.139	31.325
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	16.594.484	13.708.929
<b>Gjöld samtals</b>		<b>2.466.606.279</b>	<b>2.009.651.244</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(108.385.487)</b>	<b>44.634.470</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(108.385.487)	46.634.470
Rekstrartilfærslur .....		0	(2.000.000)
		<b>(108.385.487)</b>	<b>44.634.470</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....		11.112.380	7.931.396
Viðskiptakröfur .....		4.733.169	18.681.632
Tengdir aðilar .....	8	1.506.164.833	1.317.930.050
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		28.076.011	26.141.632
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	100.878.958	71.218.066
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.650.965.351</u>	<u>1.441.902.776</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	9.317.418	5.148.620
Viðskiptaskuldir .....		31.185.659	36.544.051
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	153.789.666	139.387.526
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	1.396.387.856	1.092.152.340
<b>Skuldir samtals</b>		<u>1.590.680.599</u>	<u>1.273.232.537</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		60.284.752	168.670.239
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	12	60.284.752	168.670.239
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>60.284.752</u>	<u>168.670.239</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.650.965.351</u>	<u>1.441.902.776</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(108.385.487)	44.634.470
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	16.594.484	13.708.929
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(16.594.484)	(13.708.929)
		<u>(108.385.487)</u>	<u>44.634.470</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		12.014.084	(26.423.471)
Tengdir aðilar .....		90.508.639	(37.067.359)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		9.043.748	21.926.839
		<u>111.566.471</u>	<u>(41.563.991)</u>
		<u>3.180.984</u>	<u>3.070.479</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(43.915.681)	(24.638.909)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		(2.544.695)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		535.000	671.666
		<u>(45.925.376)</u>	<u>(23.967.243)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		45.925.376	23.967.243
		<u>45.925.376</u>	<u>23.967.243</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		3.180.984	3.070.479
		<u>7.931.396</u>	<u>4.860.917</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>11.112.380</u>	<u>7.931.396</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	1.922.200.000	0	223.500.000	2.145.700.000
Fjáraukalög .....	(81.100.000)	0	97.000.000	15.900.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>1.841.100.000</b>	<b>0</b>	<b>320.500.000</b>	<b>2.161.600.000</b>
Launabætur .....	76.600.000	0	0	76.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	333.058.000	0	0	333.058.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>2.250.758.000</b>	<b>0</b>	<b>320.500.000</b>	<b>2.571.258.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	170.670.239	(2.000.000)	1.020.934.274	1.189.604.513
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ..	<b>(2.000.000)</b>	<b>2.000.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>2.419.428.239</b>	<b>0</b>	<b>1.341.434.274</b>	<b>3.760.862.513</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(2.359.143.487)	0	(45.925.376)	(2.405.068.863)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>60.284.752</b>	<b>0</b>	<b>1.295.508.898</b>	<b>1.355.793.650</b>

# Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2023, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Almennur rekstur 02 740 101	Heimili fyrir börn og unglinga 02 740 120	Viðbygging 02 740 621	Samtals 2023
	Málefna svið - málaflokkur			
	29 40	29 40	29 40	
<b>Tekjur</b>				
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.979.858.000	270.900.000	0	2.250.758.000
Seld þjónusta .....	51.083.839	0	0	51.083.839
Framlög og ýmsar tekjur .....	39.784.469	0	0	39.784.469
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	16.594.484	0	0	16.594.484
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.087.320.792</b>	<b>270.900.000</b>	<b>0</b>	<b>2.358.220.792</b>
<b>Gjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	1.900.454.795	1.526.284	0	1.901.981.079
Annar rekstrarkostnaður .....	547.841.877	147.700	0	547.989.577
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	41.139	0	0	41.139
Afskriftir .....	16.594.484	0	0	16.594.484
<b>Gjöld samtals</b>	<b>2.464.932.295</b>	<b>1.673.984</b>	<b>0</b>	<b>2.466.606.279</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>(377.611.503)</b>	<b>269.226.016</b>	<b>0</b>	<b>(108.385.487)</b>
<b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>				
Rekstur .....	(377.611.503)	269.226.016	0	(108.385.487)
	<b>(377.611.503)</b>	<b>269.226.016</b>	<b>0</b>	<b>(108.385.487)</b>
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:</b>				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	1.663.300.000	258.900.000	0	1.922.200.000
Fjárukalög .....	(81.100.000)	0	0	(81.100.000)
Launbætur .....	64.600.000	12.000.000	0	76.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	333.058.000	0	0	333.058.000
Fjárveiting til tekna .....	1.979.858.000	270.900.000	0	2.250.758.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(2.357.469.503)	(1.673.984)	0	(2.359.143.487)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b> .....	<b>(377.611.503)</b>	<b>269.226.016</b>	<b>0</b>	<b>(108.385.487)</b>
Staða fjárveitinga 2022 í lok þess árs .....	255.457.822	(85.469.943)	(1.317.640)	168.670.239
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>				
Rekstur .....	(122.153.681)	183.756.073	(1.317.640)	60.284.752
	<b>(122.153.681)</b>	<b>183.756.073</b>	<b>(1.317.640)</b>	<b>60.284.752</b>
<b>Fjárfestingar</b>				
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum .....	4.600.000	0	218.900.000	223.500.000
Fjárveiting ársins skv. fjárukalögum .....	97.000.000	0	0	97.000.000
Fjárfesting á árinu .....	(51.069.467)	4.814.091	0	(46.255.376)
Sala fastafjármuna .....	330.000	0	0	330.000
<b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b> .....	<b>50.860.533</b>	<b>4.814.091</b>	<b>218.900.000</b>	<b>274.574.624</b>
Staða fjárfestinga 2022 í lok þess árs .....	(48.709.947)	(6.124.060)	1.075.768.281	1.020.934.274
<b>Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2023</b> .....	<b>2.150.586</b>	<b>(1.309.969)</b>	<b>1.294.668.281</b>	<b>1.295.508.898</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.



# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	2.250.758.000	1.934.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	16.594.484	13.708.929
	<u>2.267.352.484</u>	<u>1.948.408.929</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.922.200.000	0	0	1.922.200.000
Fjárukalög .....	(81.100.000)	0	0	(81.100.000)
Launabætur .....	76.600.000	0	0	76.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	333.058.000	0	0	333.058.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2.250.758.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2.250.758.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(2.359.143.487)	0	0	(2.359.143.487)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(108.385.487)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(108.385.487)</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	4.021.339	4.571.492
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.177.500	958.500
Gjöld fyrir vistun .....	45.885.000	59.455.000
	<u>51.083.839</u>	<u>64.984.992</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	27.000.000	37.880.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	410.000	0
Ýmsar tekjur .....	12.374.469	3.011.793
	<u>39.784.469</u>	<u>40.891.793</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.524.063.928	1.224.254.133
Orlof, breyting .....	18.862.228	25.026.376
Launatengd gjöld .....	345.580.377	276.737.885
Starfsmannakostnaður .....	13.474.546	12.146.984
	<u>1.901.981.079</u>	<u>1.538.165.378</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	137,2	117,0

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.717.112	2.692.123
Byggingarvörur, almennar .....	776.470	1.625.419
Byggingarvörur, aðrar .....	66.130	86.855
Tæki og búnaður til innréttinga .....	585.401	588.449
Ýmis tæki og áhöld .....	3.315.705	4.519.476
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	632.255	243.413
Orkugjafar .....	11.926.916	12.122.626
Matvæli .....	56.761.924	44.505.190
Almennar rekstrarvörur .....	7.463.301	7.116.578
Vörukaup, almenn	<u>85.245.214</u>	<u>73.500.129</u>
Rannsóknarstofufeni .....	3.573.730	1.797.600
Kennslu- og föndurvörur .....	1.110.225	793.184
Ýmsar sérgreindar vörur .....	160.216	324.001
Vörukaup, sérgreind	<u>4.844.171</u>	<u>2.914.785</u>
Fundir, námskeið, risna .....	6.783.087	5.715.893
Ferðir, uppihald .....	32.498.275	20.879.741
Akstur .....	35.652.289	27.781.005
Sérfræðipjónusta .....	36.538.322	41.851.377
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	483.772	285.979
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	2.664.220	5.598.265
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	7.364.038	5.573.159
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>121.984.003</u>	<u>107.685.419</u>
Samningsbundin kaup og leiga .....	129.104.517	106.894.921
Afnotagjöld .....	67.036.401	37.590.464
Leigugjöld .....	103.488.304	91.400.575
Notkun véla og flutningatækja .....	1.187.502	1.476.897
Verkkaup .....	30.259.970	28.477.405
Kostnaðarhlutdeild .....	3.585.880	3.268.942
Áhættutap og bætur .....	81.149	677.000
Tryggingar, lögboðnar .....	1.079.523	765.779
Opinber gjöld .....	1.302.880	1.045.820
Tilfærslur .....	0	14.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>337.126.126</u>	<u>271.611.803</u>
Vörukaup .....	0	33.476
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>0</u>	<u>33.476</u>
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(1.209.937)	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>547.989.577</u>	<u>455.745.612</u>

## Skýringar

	2023	2022
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	13.180.417	11.463.144
Farartæki og vélar .....	3.126.661	2.226.030
Aðrar eignir .....	4.650	5.579
Söluþap og úreltar eignir .....	282.756	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	0	14.176
	<b>16.594.484</b>	<b>13.708.929</b>

**31.12.2023**                      **31.12.2022**

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	1.505.918.645	1.317.856.080
Aðrir ríkisaðilar .....	246.188	73.970
	<b>1.506.164.833</b>	<b>1.317.930.050</b>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	9.317.418	5.148.620
	<b>9.317.418</b>	<b>5.148.620</b>

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	54.805.627	55.733.460
Farartæki og vélar .....	34.250.333	6.201.653
Aðrar eignir .....	31.900	36.550
	<b>89.087.860</b>	<b>61.971.663</b>
Verk í vinnslu, fasteignir.....	11.791.098	9.246.403
	<b>100.878.958</b>	<b>71.218.066</b>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	119.774.000	29.599.135	87.691	149.460.826
Viðbætur á árinu .....	12.252.584	31.663.097	0	43.915.681
Selt/úrelt á árinu .....	(626.387)	(8.578.478)	0	(9.204.865)
	<b>131.400.197</b>	<b>52.683.754</b>	<b>87.691</b>	<b>184.171.642</b>
Afskriftir 01.01.2023 .....	64.040.540	23.397.482	51.141	87.489.163
Afskrift ársins .....	13.180.417	3.126.661	4.650	16.311.728
Selt/úrelt á árinu .....	(626.387)	(8.090.722)	0	(8.717.109)
	<b>76.594.570</b>	<b>18.433.421</b>	<b>55.791</b>	<b>95.083.782</b>
Staða 31.12.2023 .....	<b>54.805.627</b>	<b>34.250.333</b>	<b>31.900</b>	<b>89.087.860</b>

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	150.174.603	131.312.375
Önnur ógreidd gjöld .....	3.615.063	8.075.151
	<u>153.789.666</u>	<u>139.387.526</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	100.878.958	71.218.066
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	1.295.508.898	1.020.934.274
	<u>1.396.387.856</u>	<u>1.092.152.340</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	71.218.066	1.020.934.274	1.092.152.340
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	320.500.000	320.500.000
Áhrif seldra eigna .....	(205.000)	535.000	330.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu .....	2.544.695	(2.544.695)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	43.915.681	(43.915.681)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(16.594.484)	0	(16.594.484)
	<u>100.878.958</u>	<u>1.295.508.898</u>	<u>1.396.387.856</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 17,3 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	168.670.239	124.035.769
Afkoma ársins .....	(108.385.487)	44.634.470
Jöfnuður 31.12. ....	<u>60.284.752</u>	<u>168.670.239</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 13 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert bundna og ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 103,2 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 67 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.